

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 20. maí 1994.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

---

*Jón B. Jónasson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um prófgjöld ökumanna, gjöld fyrir ökuskírteini o.fl. nr. 634 30. desember 1991.**

## 1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ekki skal taka gjald fyrir endurnýjun ökuskírteinis þess, sem náð hefur 70 ár aldri.

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 52. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. júlí 1994.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. maí 1994.*

**Þorsteinn Pálsson.**

---

*Þorsteinn Geirsson.*

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Hafnar, Mýrahrepps og Nesjahrepps.**

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. einnig 2. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1993, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 2. maí 1994 staðfest sameiningu Hafnar, Mýrahrepps og Nesjahrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Bæjarstjórnin og hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu þriggja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 12. júní 1994.

Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Hornafjarðarbær.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. maí 1994.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Sesselja Árnadóttir.*